

Ríkisendurskoðun

**Framkvæmd fjárlaga
janúar til september 1996**

Október 1996

Efnisyfirlit

HELSTU NIÐURSTÖÐUR	5
LÁNSFJÁRPÖRF RÍKISSJÓÐS FYRSTU NÍU MÁNUÐI ÁRSINS 1996.....	5
AFKOMA RÍKISSJÓÐS Á FYRSTU NÍU MÁNUÐUM ÁRSINS 1996	6
FRUMVARP TIL FJÁRAUKALAGA 1996	8
GREIÐSLUSTAÐA RÍKISSJÓÐS	9
AFKOMA AF REKSTRI.....	13
TEKJUR RÍKISSJÓÐS	15
SAMANBURÐUR VIÐ ÁRIÐ 1995.....	17
GJÖLD RÍKISSJÓÐS	21
SAMANBURÐUR VIÐ FYRRA ÁR.....	41
FRAMKVÆMD LÁNSFJÁRLAGA.....	47
FRUMVARP TIL FJÁRAUKALAGA	49

Töflur

TAFLA 1	LÁNSFJÁRÞÖRF RÍKISSJÓÐS.....	9
TAFLA 2	FJÁRSTREYMI RÍKISSJÓÐS JANÚAR TIL SEPTEMBER	11
TAFLA 3	AFKOMA RÍKISSJÓÐS JANÚAR TIL SEPTEMBER.....	13
TAFLA 4	TEKJUR RÍKISSJÓÐS JANÚAR - SEPTEMBER Í SAMANBURÐI VIÐ ÁÆTLUN	15
TAFLA 5	TEKJUR RÍKISSJÓÐS JANÚAR - SEPTEMBER Í SAMANBURÐI VIÐ FYRRA ÁR.....	18
TAFLA 6	TEKJUR RÍKISSJÓÐS Á FÖSTU VERÐLAGI	19
TAFLA 7	ÚTGJÖLD RÍKISSJÓÐS Í SAMANBURÐI VIÐ ÁÆTLUN	21
TAFLA 8.	ÚTGJÖLD RÍKISSJÓÐS EFTIR TEGUNDUM Í SAMANBURÐI VIÐ FYRRA ÁR.....	41
TAFLA 9.	ÚTGJÖLD RÍKISSJÓÐS Í SAMANBURÐI VIÐ FYRRA ÁR.....	43
TAFLA 10.	ÁÆTLUÐ LÁNSFJÁRÞÖRF RÍKISSJÓÐS 1996.....	47
TAFLA 11.	ENDURLÁN RÍKISSJÓÐS Á GRUNDVELLI 3. GR. LÁNSFJÁRLAGA.....	48
TAFLA 12.	ÁÆTLUN UM AFKOMU A-HLUTA RÍKISSJÓÐS 1996	49

Helstu niðurstöður

Lánsfjárförf ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins 1996

- Heildarlánsfjárförf ríkissjóðs nam 55,0 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Af þeirri upphæð runnu um 26,6 milljarðar króna til greiðslu afborgana af lánum ríkissjóðs, um 17,6 milljarðar fóru til að mæta rekstrarhalla og um 6,3 milljarðar voru endurlánaðir. Hlutafjár- og stofnfjárframlög námu 206 milljónum króna. Þá var staða á viðskiptareikningum ríkissjóðs neikvæð um 4,4 milljarða króna í lok september.
- Í greiðsluáætlun fjármálaráðuneytisins sem byggist á fjárlögum og lánsfjárlögum 1996, var gert ráð fyrir að heildarlánsfjárförfin næmi um 38,3 milljörðum króna í lok september sl. Frávik nemur því um 16,7 milljörðum króna. Skýrist það fyrst og fremst af ákvörðun fjármálaráðherra fyrir á þessu ári um sérstaka innlausn á spariskírteinum ríkissjóðs sem ekki var gert ráð fyrir, en hún olli því að vaxtagjöld jukust um 10,1 milljarð króna á þessu ári og afborganir tekinna lána um 7,2 milljarða. Á hinn bóginn er áætlað að innlausnin muni spara ríkissjóði vaxtakostnað sem ella hefði fallið til í framtíðinni.
- Lánsfjárförf fyrstu níu mánuðina 1996 nam 36,9 milljörðum króna og var um tæpum 18,2 milljörðum króna meiri en á sama tímabili 1995. Þannig var rekstrarhalli ríkissjóðs um 5,9 milljörðum króna meiri í lok september 1996 en á sama tíma 1995 og afborganir tekinna lána voru um 16,1 milljarði króna meiri. Á hinn bóginn var þróun á viðskiptareikningum betri sem nemur um 3,6 milljörðum króna, en það á aðallega rætur í minni fyrirgreiðslu til byggingasjóðanna á þessu ári.
- Lántökur námu alls um 49,0 milljörðum króna. Um 29,8 milljarðar króna eða 61% framangreindrar fjárhæðar voru teknir að láni á innlendum fjármagnsmarkaði. Erlendar lántökur námu um 19,2 milljörðum króna og var hlutur þeirra um 39%. Áætlun gerði ráð fyrir að lántökur næmu um 31,0 milljarði króna á fyrstu níu mánuðum ársins og

nemur heildarfrávik lántaka því um 18,0 milljörðum króna, en það er ámóta upphæð og sem nemur áðurnefndri spariskírteinainnlausn. Ef litið er til skiptingar þessara umframlántaka kemur í ljós að innlendar lántökur hafa aukist um 10,5 milljarða króna frá áætlun og þær erlendu um 7,5 milljarða. Á hinn bóginn er áætlað að fjármagna innlausnina alfarið á innlendum fjármagnsmarkaði. Þannig er ljóst að talsvert vantar á að því markmiði verði náð á þessu ári.

- Samkvæmt 1. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1996 er fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, heimilt að taka að láni allt að 25,3 milljarða króna og skv. 3. gr. að endurlána 5,3 milljarða. Í lok september hafði ríkissjóður eins og áður segir tekið að láni um 49,0 milljarða króna eða um 23,7 milljörðum meira en lánsfjárlög heimila fyrir allt árið. Þá námu endurlán alls um 4,3 milljörðum króna og var þannig búið að endurlána um 81% af heimildum ársins. Í fjáráukalögum fyrir árið 1996 er sótt um viðbótarlántökuheimild frá fjárlögum er nemur 20,6 milljörðum króna.

Afkoma ríkissjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins 1996

- Gjöld ríkissjóðs námu alls um 108,4 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Tekjur námu 90,8 milljörðum króna á sama tíma. Þannig var rekstrarhalli ríkissjóðs um 17,6 milljarðar króna á greiðslugrunni.
- Samanburður á afkomu A-hluta ríkissjóðs við greiðsluáætlanir skv. yfirliti frá ríkisbókhalda í septemberlok 1996 sýnir að:
 - Í greiðsluáætlunum var gert ráð fyrir að gjöld næmu alls um 96,9 milljörðum króna í lok september 1996. Gjöld voru þannig 11,5 milljörðum króna hærri en áætlað var eða sem nemur 11,9%. Tekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 85,8 milljarðar króna. Niðurstaðan var hins vegar um 90,8 milljarðar eða um 5,1 milljarði hærri. Nemur frávikíð 5,9% hlutfallslega. Afkoma ríkissjóðs var þannig um 6,4 milljörðum króna lakari en ráðgert var.
 - Frávik gjalda skýrist einkum af áðurnefndri ákvörðun um innlausn á spariskírteinum ríkissjóðs sem voru með uppsagnarákvæðum, en hún olli því að vaxtagjöld jukust um 10,1 milljarð króna frá því sem áætlað hafði verið. Ef áhrif þessa eru undanskilin voru gjöld um 1,4 milljörðum króna meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir eða sem nemur

1,4%. Þessi aukning skýrist að verulegum hluta af umframgreiðslum í almannatryggingakerfinu eins og mörg undanfarin ár.

- Auknar tekjur frá því sem áætlað var eiga sér fyrst og fremst rætur í meiri atvinnutekjum og innflutningi en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þannig voru tekjuskattar einstaklinga um 2,0 milljörðum króna umfram áætlun fyrstu níu mánuði ársins eða sem nemur 17,5% og innflutnings- og vörugjöld voru 788 milljónum króna yfir áætlun eða sem nemur 7,4%. Þá má nefna að eignarskattar einstaklinga voru 444 milljónum króna meiri en ráðgert var og skattar af einkasöluvörum voru um 840 milljónum króna meiri.
- Samanburður á afkomu A-hluta ríkissjóðs fyrstu níu mánuðina 1996 m.v. sama tímabil 1995 sýnir að:
 - Gjöld ríkissjóðs jukust um 11,6 milljarða króna eða 11,9% að raungildi milli ára. Tekjur jukust að sama skapi eða um 8,3 milljarða króna. Nemur tekjuaukningin um 10,0% að raungildi. Þannig versnaði afkoma ríkissjóðs um 3,3 milljarða króna milli ára á föstu verðlagi eða sem nemur 22,9%.
 - Ef áhrif af sérstakri innlausn spariskírteina á þessu ári eru undanskilin jukust gjöld um tæplega 1,5 milljarða króna að raungildi eða sem nemur 1,5%. Eins og áður segir jukust tekjur um tæplega 8,3 milljarða króna og batnaði afkoma ríkissjóðs þannig um 6,8 milljarða króna á föstu verðlagi milli fyrstu níu mánaðanna 1995 og 1996. Sá bati skapast að öllu leyti af auknum tekjum.
 - Ef litið er til einstakra útgjaldaliða jukust launagreiðslur um 649 milljónir króna eða 2,8% að raungildi milli fyrstu níu mánaðanna 1995 og 1996. Ef áhrif af kennaraverkfallinu á síðasta ári og flutningi grunnskólans yfir til sveitarfélaganna eru hins vegar undanskilin hafa launagreiðslur aukist um 3,3% að raungildi. Tilfærslur jukust um 697 milljónir króna eða 4,1% á föstu verðlagi. Verulegur hluti þeirrar aukningar skýrist af 1,1 milljarðs króna tilfærslu til sveitarfélaga vegna flutnings grunnskólans. Vaxtagjöld jukust um tæpa 11,4 milljarða króna að raungildi. Um 10,1 milljarður af þessari upphæð skýrist af títtnefndri ákvörðun fjármálaráðherra um innlausn spariskírteina sem voru með uppsagnarákvæðum. Önnur innlend vaxtagjöld jukust um 661 milljón króna að raungildi og vextir af erlendum lánunum jukust um 600 milljónir. Aðrir liðir breyttust minna.

- Beinir skattar jukust um 2,8 milljarða króna eða 16,9% að raungildi milli tímabila. Tekjuskattur einstaklinga skýrir þessa aukningu að langstærstum hluta, en hann jókst um 2,7 milljarða króna að raungildi eða sem nemur 24,4%. Aukinn tekjuskatt einstaklinga má að mestu leyti rekja til aukinna launagreiðslna á þessu ári. Tekjur af óbeinum sköttum jukust um 5,4 milljarða króna eða 9,0% á föstu verðlagi. Af einstökum liðum óbeinna skatta jukust tekjur af virðisaukaskatti um 2,1 milljarð króna eða 7,1%. Tekjur af innflutnings- og vörugjöldum jukust um 1,3 milljarða eða 12,5% og tekjur af tryggingagjaldi um 1,1 milljarð eða 11,6%. Þá voru skattar af einkasöluvörum 727 milljónum króna meiri að raungildi á fyrstu níu mánuðum þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra eða sem nemur 15,2%.

Frumvarp til fjárukalaga 1996

- Frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 1996 gerir ráð fyrir að tekjur A-hluta ríkissjóðs aukist á árinu um 5,1 milljarð króna. Þá heimilar frumvarpið fjármálaráðherra gjaldaheimildir til viðbótar við fjárlög 1996 að fjárhæð 15,9 milljarðar króna. Þannig er reiknað með að ef allar gjaldaheimildir fjárlaga og fjárukalaga 1996 yrðu nýttar myndi tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verða 14,7 milljarðar króna. Fjármálaráðherra gerir hins vegar ráð fyrir að 1,9 milljarður króna af útgjaldaheimildum í árslok 1996 verði ekki nýttur í ár heldur fluttur til næsta árs. Er því samkvæmt fjárukalagafrumvarpinu gert ráð fyrir að tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verði um 12,8 milljarðar króna sem er 8,9 milljörðum króna meira en fjárlög ársins 1996 gerðu ráð fyrir.
- Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framfræmd fjárlaga janúar til júní 1996 sem var birt í júlímánuði sl. voru afkomuhorfur ríkissjóðs í árslok 1996 metnar. Í þeirri skýrslu var gert ráð fyrir að lánsfjárbörf ríkissjóðs yrði um 42,6 milljarðar króna en nú gerir fjármálaráðherra ráð fyrir að hún nemi 44,0 milljörðum króna. Frávikin milli áætlunar skýrist af því að fjárukalagafrumvarpið gerir ráð fyrir að tekjuhallinn verði 1,1 milljarði króna hærri en í nefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar og afborganir tekinna lána ríkissjóðs aukast um 0,3 milljarða króna.

Greiðslustaða ríkissjóðs

Uppruni og ráðstöfun

Heildarlánsfjárförf ríkissjóðs nam 55,0 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Af þeirri upphæð runnu um 26,6 milljarðar króna til greiðslu afborgana af lánum ríkissjóðs, um 17,6 milljarðar fóru til að mæta rekstrarhalla og um 6,3 milljarðar voru endurlánaðir. Hlutfjár- og stofnfjárframlög námu 206 milljónum króna. Þá var staða á viðskiptareikningum ríkissjóðs neikvæð um 4,4 milljarða króna í lok september.

Á móti lánsfjárförfinni komu innheimtar afborganir af veittum lánum, alls að upphæð 6,8 milljarðar króna. Innlend lántaka nam alls um 29,8 milljörðum króna og 19,2 milljarðar voru teknir að láni erlendis. Hluttur innlends lánsfjár var því um 61% og hluttur erlendra lána um 39%. Að lokum jókst handbært fé um 750 milljónir króna.

Tafla 1 Lánsfjárförf ríkissjóðs

	Áætlun 1996	Útkoma 1996	Útkoma 1995	Breyt. 96/95
Lánsfjárförf (brúttó)	38.326	55.018	36.860	18.158
-Afborganir veittra lána	5.747	6.751	5.231	1.520
	32.579	48.267	31.629	16.638
-Afborganir tekinna lána	18.126	26.602	10.507	16.095
Hrein lánsfjárförf	14.453	21.665	21.122	543

Hrein lánsfjárförf, þ.e. brúttó lánsfjárförf að frádregnum afborgunum vegna veittra og tekinna lána ríkissjóðs nettó, nam alls 21,7 milljörðum króna eins og fram kemur í ofangreindri töflu.

Samanburður við áætlanir

Samkvæmt áætlun fjármálaráðuneytisins, sem grundvallast á fjárlögum og lánsfjárlögum fyrir árið 1996, var gert ráð fyrir að heildarlánsfjárförf ríkissjóðs næmi um 38,3 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins.

Niðurstaðan var sem áður segir um 55,0 milljarðar eða um 16,7 milljörðum meiri fjárþörf. Frávik kemur fyrst og fremst fram í tveimur liðum þ.e. í rekstrarafkomu ríkissjóðs, en þar er frávikid um 6,4 milljarðar króna, og í afborgunum tekinnna lána sem urðu um 8,5 milljörðum króna meiri en ráðgert var. Skýrist það nær eingöngu af sérstakri innlausn á spariskírteinum ríkissjóðs sem fjármálaráðherra tók ákvörðun um á þessu ári og ekki hafði verið gert ráð fyrir, en hún olli því að rekstrarkostnaður ríkissjóðs jókst um 10,1 milljarð króna og afborganir tekinnna lána jukust um 7,2 milljarða. Af öðrum liðum má nefna að veitt lán voru um 980 milljónum króna meiri en áætlað var og staða á viðskiptareikningum var um 1,5 milljörðum króna verri, en það skýrist að stærstum hluta af skammtímafyriregreiðslu til Byggingasjóðs ríkisins að upphæð um 2,0 milljarðar króna sem breytt var í langtímalán þann 1. október sl. Á hinn bóginn urðu hluta- og stofnfjárframlög um 600 milljónum króna lægri en ráð hafði verið fyrir gert.

Frá árinu 1992 hefur ekki verið kveðið á um skiptingu innlendrar og erlendrar lántöku í lánsfjárlögum. Á hinn bóginn hefur fjármálaráðuneytið gert áætlanir um skiptingu lánsfjárþarfarinnar. Samkvæmt henni var áætlað að afla um 19,3 milljarða króna á innlendum fjármagnsmarkaði á fyrstu níu mánuðum ársins. Erlend lántaka var á hinn bóginn áætluð um 11,7 milljarðar króna. Þá ber að geta þess að sérstök innlausn á spariskírteinum ríkissjóðs, sem ekki var gert ráð fyrir í lánsfjárlögum, olli því að lánsfjárþörf jókst um 17,3 milljarða króna og er áætlað að fjármagna hana á innlendum markaði á þessu ári. Eins og sést í neðangreindri töflu nemur heildarfrávik lántaka fyrstu níu mánuði ársins frá áætlun um 18,0 milljörðum króna eða svipaðri upphæð og nemur framangreindri innlausn. Hefur það valdið því að innlendar lántökur eru rúmum 10,0 milljörðum króna meiri en fjármálaráðuneytið áætlaði og erlendar lántökur rúmum 7,0 milljörðum króna meiri. Þannig er ljóst að talsvert vantar á að því markmiði að spariskírteinainnlausnin verði alfarið fjármögnuð á innlendum markaði verði náð á þessu ári.

Tafla 2 Fjárstreymi ríkissjóðs janúar til september

	Reikn. 1996	Áætlun 1996	Frávik	Reikn. 1995	Frávik 96/95
Uppruni:					
Lántökur					
Spariskírteini	17.829	10.530	7.299	7.586	10.243
Ríkisbréf	4.908	3.447	1.461	1.321	3.587
Ríkisvixlar, nettó	6.854	5.309	1.545	5.045	1.809
Önnur innlend fjáröflun	187	0	187	0	187
Erlendar lántökur	19.239	11.730	7.509	18.690	549
Lántökur alls	49.017	31.016	18.001	32.642	16.375
Afborganir veittra lána	6.751	5.747	1.004	5.231	1.520
Uppruni alls	55.768	36.763	19.005	37.873	17.895
Ráðstöfun:					
Til rekstrar skv. yfirliti	17.579	11.169	6.410	11.699	5.880
Afborganir tekinna lána	26.602	18.126	8.476	10.507	16.095
Veitt lán	6.252	5.270	982	6.621	(369)
Hlutfjárfr. og stofnfé	206	835	(629)	45	161
Viðskiptareikn (neikv.)	4.379	2.926	1.453	7.988	(3.609)
Ráðstöfun alls	55.018	38.326	16.692	36.860	18.158
Breyting á handbæru fé	750	(1.563)	2.313	1.013	(263)

Samanburður við árið 1995

Heildarlánsfjárförf ríkissjóðs nam 36,9 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 1995. Brúttó fjárförf er því nú þegar um 18,2 milljörðum króna meiri en á sama tímabili fyrra árs. Þannig var rekstrahalli ríkissjóðs um 5,9 milljörðum króna meiri í lok september 1996 en á sama tíma 1995. Þá voru afborganir tekinna lána um 16,1 milljarði hærri. Á hinn bóginn var þróun á viðskiptareikningum um 3,6 milljörðum króna betri, sem aðallega á rætur í minni fyrirgreiðslu til byggingasjóðanna, og aðrir liðir voru lægri sem nemur tæpum 210 milljónum króna. Hrein lánsfjárförf hélst því sem næst óbreytt á milli ára.

Lántökur jukust alls um 16,4 milljarða króna, eða úr 32,6 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðunum 1995 í 49,0 milljarða á sama tíma þessa árs. Auknum lántökum hefur að nær öllu leyti verið mætt á innlendum fjármagnsmarkaði.

Afkoma af rekstri

Gjöld ríkissjóðs námu alls um 108,4 milljörðum króna á tímabilinu janúar - september 1996 samkvæmt yfirliti frá ríkisbókhalði. Tekjur ríkissjóðs námu 90,8 milljörðum króna á sama tíma. Þannig var rekstrarhalli ríkissjóðs um 17,6 milljarðar króna á greiðslugrunni fyrstu níu mánuði ársins.

Í greiðsluáætlunum var gert ráð fyrir að gjöld næmu alls um 96,9 milljörðum króna í lok september 1996. Gjöld voru þannig 11,5 milljörðum króna eða 11,9% hærrí en áætlað var. Tekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 85,8 milljarðar króna. Niðurstaðan var hins vegar um 90,8 milljarðar eða um 5,1 milljarði hærrí. Nemur frávikid 5,9% hlutfallslega. Afkoma ríkissjóðs var þannig um 6,4 milljörðum króna lakari en ráðgert var.

Tafla 3 Afkoma ríkissjóðs janúar til september

	Útkoma 1996	Útkoma 1995	Breyt.	%	Framr. 1995	Raun- breyt.	%
Tekjur	90.846	80.376	10.470	13,0	82.560	8.286	10,0
Gjöld	108.425	92.075	16.350	17,8	96.858	11.567	11,9
Gjöld umfram tekjur	17.579	11.699	5.880	50,2	14.298	3.281	22,9
- Vegna Innlausnar	10.100	-	10.100	-	-	10.100	-
Halli án innlausnar	7.479	11.699	(4.220)	(36,1)	14.298	(6.819)	(47,7)

Ef litið er til fyrstu níu mánaðanna 1995 kemur í ljós að gjöld ríkissjóðs hafa aukist um 11,6 milljarða króna eða 11,9% að raungildi milli ára. Tekjur hafa að sama skapi aukist eða um 8,3 milljarða króna. Nemur tekjuaukningin um 10,0% að raungildi. Þannig versnaði afkoma ríkissjóðs um 3,3 milljarða króna milli ára á föstu verðlagi eða sem nemur 22,9%.

Ef áhrif af sérstakri innlausn spariskírteina á þessu ári eru undanskilin hafa gjöld aukist um tæplega 1,5 milljarð króna að raungildi eða sem nemur 1,5%. Eins og áður segir jukust tekjur um tæplega 8,3 milljarða króna og er afkoma ríkissjóðs því um 6,8 milljörðum króna betri á fyrstu níu mánuðum 1996 en á sama tímabili í fyrra. Sá bati skapast að öllu leyti af auknum tekjum eins og sést af framangreindum tölum.

Tekjur ríkissjóðs

Samanburður við áætlun

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu alls 90,8 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum þessa árs og voru um 5,1 milljarði króna meiri en áætlanir fyrir sama tímabil gerðu ráð fyrir. Á árinu 1995 voru tekjur tæpum 1,0 milljarði króna yfir áætlun fyrir sama tímabil.

Tafla 4 Tekjur ríkissjóðs janúar - september í samanburði við áætlun

	Útkoma	Áætlun	Frávik	%
Tekjuskattur einstaklinga	13.806	11.748	2.058	17,5
Tekjuskattur lögaðila	2.807	3.073	(266)	(8,7)
Eignarskattar einstaklinga	1.864	1.420	444	31,3
Eignarskattar lögaðila	1.054	1.054	0	0,0
Beinir skattar	19.531	17.295	2.236	12,9
Innflutnings og vörugjöld	11.430	10.642	788	7,4
Virðisaukaskattur	31.574	31.478	96	0,3
Skattar af einkasöluvörum	5.513	4.673	840	18,0
Bifreiðaskattar	3.677	3.429	248	7,2
Þinglýsingar- og stimpilgjöld	1.793	1.797	(4)	(0,2)
Tryggingagjald	10.156	9.702	454	4,7
Aðrir óbeinir skattar	1.121	1.230	(109)	(8,9)
Óbeinir skattar	65.264	62.951	2.313	3,7
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	4.118	3.886	232	6,0
Arðgreiðslur	1.517	1.380	137	9,9
Fjármunatekjur	5.635	5.266	369	7,0
Sala eigna	227	60	167	278,3
Ýmsar tekjur	189	191	(2)	(1,0)
Aðrar tekjur	416	251	165	65,7
Tekjur samtals	90.846	85.763	5.083	5,9

Af einstökum liðum voru beinir skattar um 2,2 milljörðum króna meiri en áætlað var og kemur það frávik fyrst og fremst fram í tekjusköttum einstaklinga. Allt bendir til þess að tekjur muni aukast nokkuð meira á þessu ári en fjárlög ársins 1996 gerðu ráð fyrir. Þá voru eignarskattar


einstaklinga 444 milljónum króna meiri en ráðgert hafði verið. Á hinn bóginn voru tekjuskattar lögaðila um 266 milljónum króna lægri sem bendir til að afkoma fyrirtækja á síðasta ári hafi verið nokkru lakari en gert hafði verið ráð fyrir.

Tekjur af óbeinum sköttum voru um 2,3 milljörðum króna hærrí en gert hafði verið ráð fyrir. Helstu frávik á þessum lið koma fram í sköttum af einkasölvörum, en þeir voru 840 milljónum króna hærrí en áætlanir sögðu til um. Skýrist það m.a. af því að greiddar voru 438 milljónir króna á þessu ári vegna skila á tekjum ársins 1995 sem ekki var tekið tillit til í áætlun fjárlaga. Innflutnings- og vörugjöld voru um 788 milljónum króna meiri en ráðgert var. Annars vegar hefur innflutningur á ökutækjum aukist talsvert umfram væntingar, en hins vegar skilaði bætt afkoma Álversins í Straumsvík á árinu 1995 um 300 milljóna króna tekjuauka á þessu ári. Að lokum voru tekjur af tryggingagjaldi um 454 milljónum meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þessar tekjur haldast í hendur við auknar atvinnutekjur heimila.


Fjármunatekjur voru í heild um 369 milljónum króna yfir áætlun. Af einstökum liðum voru vaxtatekjur og aðrar lánatekjur um 232 milljónir króna umfram áætlun. Annars vegar voru dráttarvextir af ríkissjóðstekjum um 459 milljónum króna lægri. Tæplega þriðjungur þeirrar upphæðar skýrist af lækkun álags af ógreiddum virðisaukaskatti um helming. Það sem eftir stendur kemur fram í betri innheimtu samtímaskatta og lækkun á útistandandi skattkröfum. Hins vegar voru vaxtatekjur af langtímalánum, bankainnstæðum o.þ.h. um 691 milljón króna hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir. Er það frávik að talsverðum hluta vegna uppgjörs við Landsvirkjun sem jók vaxtatekjurnar um 300 milljónir króna. Auk þessa hefur innheimta lána hjá Endurlánum ríkissjóðs verið betri en ráðgert var og jafnframt hefur verið talsvert um skuldbreytingar eldri lána sem hafa aukið bókfærðar vaxtatekjur þótt ekki sé um að ræða raunverulegar greiðsluhreyfingar. Arðgreiðslur reyndust um 137 milljónir umfram áætlun.

Að lokum voru tekjur af sölu eigna um 167 milljónum króna meiri en gert hafði verið ráð fyrir.

Mynd 1 Mánaðarleg þróun ríkissjóðstekna frá áætlun janúar - september 1995 og 1996



Mynd 2 Sérgreind frávik ríkissjóðstekna frá áætlun jan. - sept. 1996



Samanburður við árið 1995

Tekjur ríkissjóðs námu sem fyrr segir 90,8 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum þessa árs. Tekjur á sama tímabili 1995 námu 80,4 milljörðum króna og höfðu þær aukist um 10,5 milljarða eða 13,0% milli ára. Að raungildi jukust tekjurnar um 8,3 milljarða króna eða 10,0%.

Tafla 5 Tekjur ríkissjóðs janúar - september í samanburði við fyrra ár

	Útkoma 1996	Útkoma 1995	Frávik	%
Tekjuskattur einstaklinga	13.806	10.185	3.621	35,6
Tekjuskattur lögaðila	2.807	2.834	(27)	(1,0)
Eignarskattar einstaklinga	1.864	1.837	27	1,5
Eignarskattar lögaðila	1.054	982	72	7,3
Beinir skattar	19.531	15.838	3.693	23,3
Innflutnings og vörugjöld	11.430	10.131	1.299	12,8
Virðisaukaskattur	31.574	29.165	2.409	8,3
Skattar af einkasöluvörum	5.513	4.680	833	17,8
Bifreiðaskattar	3.677	3.303	374	11,3
Þinglýsingar- og stimpilgjöld	1.793	1.709	84	4,9
Tryggingagjald	10.156	8.513	1.643	19,3
Aðrir óbeinir skattar	1.121	1.179	(58)	(4,9)
Óbeinir skattar	65.264	58.680	6.584	11,2
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	4.118	3.737	381	10,2
Arðgreiðslur	1.517	1.882	(365)	(19,4)
	5.635	5.619	16	0,3
Sala eigna	227	69	158	229,0
Ýmsar tekjur	189	169	20	11,8
Aðrar tekjur	416	238	178	74,8
Tekjur samtals	90.846	80.375	10.471	13,0

Beinir skattar námu alls 19,5 milljörðum króna á tímabilinu janúar - september 1996, en samsvarandi tekjur námu 15,8 milljörðum á sama tímabili fyrra árs. Nemur fráviknið 3,7 milljörðum króna eða 23,3% hlutfallslega. Eins og sjá má í töflunni kemur tekjuaukinn nær eingöngu fram í tekjuskatti einstaklinga sem jókst um 3,6 milljarða króna. Þessi aukning á að langstærstum hluta skýringu í auknum launagreiðslum á þessu ári, en þær jukust um 11,3% milli tímabila.

Tekjur af óbeinum sköttum jukust úr 58,7 milljörðum króna í 65,3 milljarða milli tímabila. Nemur fráviknið 6,6 milljörðum króna eða 11,2% hlutfallslega. Af einstökum liðum var mest aukning í tekjum af virðisaukaskatti, en þær jukust um 2,4 milljarða eða 8,3%. Annars vegar lækkaði virðisaukaskattur af innlendra veltu um rúman 1,0 milljarð króna eða 8,6% milli ára. Má það m.a. rekja til hærri endurgreiðslna til fiskverkenda í tengslum við aukinn útflutning á fiskafurðum, einkum síld og loðnu, en endurgreiðslur vegna bráðabirgðaskila bænda hækkuðu

einnig nokkuð auk annarra þátta. Hins vegar jókst virðisaukaskattur af innflutningi um 3,7 milljarða króna. Skýrist það að verulegu leyti af auknum innflutningi á fjárfestingavörum og flutningatækjum, en einnig hefur innflutningur almennra neysluvara aukist talsvert að undanfögnu. Að lokum jukust ýmsar endurgreiðslur virðisaukaskatts um tæpar 300 milljónir króna.

Hvað aðra liði óbeinna skatta varðar jukust tekjur af tryggingagjaldi um 1,6 milljarða króna eða 19,3%. Þessi aukning skýrist annars vegar af hækkun gjaldsins um 0,5% og hins vegar af auknum atvinnutekjum. Innflutnings- og vörugjöld voru 1,3 milljarði meiri en á árinu 1995 eða sem nemur 12,8% hlutfallslega. Vörugjöld af ökutækjum jukust um 676 milljónir króna og vörugjöld af bensíni um 100 milljónir, en jafnframt jukust tekjur af framleiðslugjaldi vegna Álversins í Straumsvík um 263 milljónir. Ýmsir aðrir liðir skýra tæpar 300 milljónir króna. Þá hafa skattar af einkasöluvörum aukist um 833 milljónir króna, en þar er nær eingöngu um að ræða tekjur af starfsemi ÁTVR. Þar af voru alls 438 milljónir króna greiddar á árinu 1996 vegna uppgjörs á tekjum ársins 1995 og er aukning þessa liðar milli ára því nokkuð minni en framangreind tala gefur tilefni til að ætla. Að lokum hafa aðrir óbeinir skattar aukist um 400 milljónir, en í því tilfalli er aðallega um að ræða auknar tekjur af bifreiðagjaldi og þungaskatti.

Fjármunatekjur voru nær óbreyttar í heild sinni milli ára. Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur jukust um 381 milljón króna, en á móti kom lækkun arðgreiðslna upp á 365 milljónir króna. Hvað fyrri liðinn varðar má nefna að dráttarvaxtatekjur ríkissjóðs lækkuðu um 183 milljónir króna eða 18,2%, en það skýrist m.a. af því að álag á vangoldinn virðisaukaskatt var lækkað um helming. Á hinn bóginn jukust vaxtatekjur af langtímakröfum um 613 milljónir króna eða 23,5% vegna betri lánainnheimtu hjá Endurlánum ríkissjóðs og skuldbreytingum lána sem juku bókfærðar vaxtatekjur. Lækkun arðgreiðslna skýrist fyrst og fremst af því að hluti ríkissjóðs í hagnaði Seðlabanka Íslands varð 393 milljónum króna lægri nú en á sama tíma í fyrra. Að lokum jukust ýmsar aðrar tekjur ríkissjóðs um 178 milljónir króna.

Eins og áður segir voru ríkissjóðstekjur um 8,3 milljörðum króna hærri að raungildi á fyrstu níu mánuðum þessa árs miðað við sama tíma í fyrra eða sem nemur 10,0%.

Tafla 6 Tekjur ríkissjóðs á föstu verðlagi

	Útkoma	Framreikn.		%
	1996	1995	Frávik	
Beinir skattar	19.531	16.714	2.817	16,9
Óbeinir skattar	65.264	59.856	5.408	9,0
Fjármunatekjur	5.635	5.747	(112)	(1,9)
Aðrar tekjur	416	243	173	70,9
Tekjur samtals	90.846	82.560	8.286	10,0

Beinir skattar hafa aukist mest að raungildi milli tímabila eða um 2,8 milljarða króna. Hlutfallslega nemur aukning beinu skattanna 16,9%. Fram hefur komið að tekjuskattur einstaklinga skýrir þessa aukningu að langmestu leyti, en hann jókst um 2,7 milljarða króna að raungildi eða um 24,4%.

Óbeinir skattar jukust um 5,4 milljarða króna eða 9,0% á föstu verðlagi. Af einstökum liðum jukust tekjur af virðisaukaskatti um 2,1 milljarð króna eða 7,1%. Tekjur af innflutnings- og vörugjöldum jukust um 1,3 milljarða eða 12,5% og tekjur af tryggingagjaldi um 1,1 milljarð eða 11,6%. Þá voru skattar af einkasöluvörum 727 milljónum króna eða 15,2% meiri að raungildi á fyrstu níu mánuðum þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra.

Að lokum lækkuðu fjármunatekjur lítillega milli ára að raungildi og ýmsar aðrar tekjur jukust um 173 milljónir króna.

Gjöld ríkissjóðs

Samanburður við áætlun

Útgjöld stofnana í A-hluta námu alls 108,4 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins. Áætlun fyrir sama tímabil gerði ráð fyrir 96,9 milljarða króna gjöldum og nemur frávikið 11,5 milljörðum króna eða 11,9%. Á sama tímabili 1995 voru gjöld ríflega 300 milljónir króna umfram áætlun.


Tafla 7 Útgjöld ríkissjóðs í samanburði við áætlun

	Greitt 1996	Heimild 1996	Frávik	%	Umfram greitt	Óhafin framlög
Æðsta stjórn ríkisins	1.125	1.032	93	9,0	101	(8)
Forsætisráðuneyti	480	468	13	2,7	29	(17)
Menntamálaráðuneyti	14.600	14.263	337	2,4	1.457	(1.120)
Utanríkisráðuneyti	1.571	1.618	(46)	(2,9)	113	(160)
Landbúnaðarráðuneyti	5.768	5.638	130	2,3	170	(40)
Sjávarútvegsráðuneyti	873	882	(8)	(0,9)	51	(60)
Dóms- og kirkjum.rn.	4.530	4.648	(117)	(2,5)	74	(192)
Félagsmálaráðuneyti	6.816	6.846	(30)	(0,4)	290	(320)
Heilbrigðis- og trygg.m.rn.	38.135	37.274	861	2,3	1.528	(667)
Fjármálaráðuneyti	25.628	15.405	10.222	66,4	10.755	(533)
Samgönguráðuneyti	7.128	6.996	132	1,9	175	(43)
Iðnaðarráðuneyti	781	895	(114)	(12,7)	12	(126)
Viðskiptaráðuneyti	156	126	31	24,4	39	(8)
Hagstofa Íslands	109	119	(11)	(9,1)	0	(11)
Umhverfisráðuneyti	723	721	3	0,3	38	(36)
	108.423	96.931	11.496	11,9	14.832	(3.341)

Umframgreiðslur stofnana námu í heild sinni 14,8 milljörðum króna. Skýringin liggur að langstærstu leyti hjá fjármálaráðuneyti í tengslum við sérstaka ákvörðun fjármálaráðherra um innlausn spariskírteina, en hún ein og sér olli um 10,1 milljarðs króna umframgreiðslum. Hjá ráðuneytinu voru einnig nokkrar umframgreiðslur vegna annarra fjárlagaliða. Þeir 4,7 milljarðar króna sem eftir standa koma að stærstum hluta fram hjá tveimur ráðuneytum, þ.e. heilbrigðisráðuneyti og menntamálaráðuneyti eins og sjá má í framangreindri töflu.

Ógreidd framlög, þ.e. útgjaldaheimildir sem ekki höfðu verið nýttar í lok september sl., námu alls 3,3 milljörðum króna og voru einkum hjá fjórum ráðuneytum þ.e. menntamálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

Mynd 3 Frávik einstakra ráðuneyta frá fjárheimildum jan. - sept. 1996 án áhrifa af sérstakri innlausn spariskírteina




Hér á eftir er gerð grein fyrir frávikum í greiðslum einstakra stofnana og fjárlagaliða frá áætlun fyrir fyrstu níu mánuði ársins.

Æðsta stjórn ríkisins


Fjárheimild ársins 1996 nemur 1.344 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 1.125 milljónir verið greiddar í lok september eða 83,7%. Á sama tíma í fyrra höfðu verið greidd 78,0% af fjárheimild ársins. Eins og sést á mynd 2 hér að neðan voru greiðslur vegna æðstu stjórnar ríkisins umfram áætlanir fyrstu níu mánuði ársins ef frá er talinn júnímánuður. Í lok september höfðu verið greiddar alls um 93 milljónir króna umfram áætlanir eða sem nemur 9,0% hlutfallslega.

Mynd 4 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Umframgreiðslur æðstu stjórnar ríkisins voru nær alfarið vegna embættis forseta Íslands í tengslum við flutning á skrifstofu forsetaembættisins, en embættið var 82,8 milljónum króna eða 215% yfir áætlun fyrstu 9 mánuði ársins. Þá voru Bessastaðir 4,5 milljónum króna yfir greiðsluáætlunum og nemur fráviknið 16,9% í því tilfalli.

Mynd 5 Greining á frávikni frá fjárheimild í m.kr.




Forsætisráðuneyti

Fjárheimild ársins 1996 nemur 598 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 480 milljónir verið greiddar í lok september eða 80,3%. Á sama tíma í fyrra höfðu verið greidd 75,5% af fjárheimild ársins. Forsætisráðuneytið var innan greiðsluáætlana á fyrstu mánuðum ársins fram til maímánaðar, en þá var greitt umfram áætlanir eins og fram kemur


á mynd 4. Í lok september var ráðuneytið 12 milljónum króna umfram áætlun eða sem nemur 2,7%.

Mynd 6 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringin á umframgreiðslum forsætisráðuneytisins er að finna í rekstri embættis húsameistara ríkisins, en embættið var 23,3 milljónum króna yfir áætlunum fyrstu 9 mánuðina. Samkvæmt upplýsingum frá embættinu er skýringanna á þessu að leita í útistandandi verkreikningum hjá ýmsum opinberum aðilum sem því hefur ekki tekist að innheimta. Þá var þjóðgarðurinn á Þingvöllum um 5,1 milljón króna yfir áætlunum.


Mynd 7 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Menntamálaráðuneyti


Fjárheimild ársins 1996 nemur 19.623 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 14.600 milljónir verið greiddar í lok september eða 74,4%. Á sama tíma í fyrra höfðu verið greidd 70,3% af fjárheimild ársins. Greiðslur vegna menntamálaráðuneytisins voru innan áætlana þar til í apríl eins og fram kemur á mynd 6. Í lok september var ráðuneytið rúmar 337 milljónir króna umfram áætlanir eða sem nemur 2,3%.

Mynd 8 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringin á því að menntamálaráðuneytið hafði greitt umfram áætlanir er að leita í flutningi grunnskólans frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna og rekstri Háskóla Íslands. Vegna grunnskólanna nam heildarfrávikid um 557,0 milljónum króna. Hjá Háskólanum námu umframgreiðslur um 127,6 milljónum króna. Á hinn bóginn voru allmargir fjárlagaliðir ráðuneytisins undir áætlunum fyrstu níu mánuði ársins. Þannig voru framhalds- og sérskólar í heild um 133,4 milljónum króna undir greiðsluáætlunum. Þá voru framlög vegna safna, lista og annarrar menningarstarfsemi samtals um 143,5 milljónum króna undir áætlunum.


Mynd 9 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Utanríkisráðuneyti

Fjárheimild ársins 1996 nemur 2.114 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 1.571 milljón verið greidd í lok september eða 74,3%. Á sama tíma í fyrra höfðu verið greidd 72,4% af fjárheimild ársins. Utanríkisráðuneytið fór í heild fram úr áætlunum í mars- og aprílmánuði, en aðra mánuði var ráðuneytið innan greiðsluáætlana eins og sést á mynd 8. Í lok september var ráðuneytið rúmar 46 milljónir króna undir áætlunum eða sem nemur 2,9%.


Mynd 10 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringuna á umframgreiðslum utanríkisráðuneytisins er að leita á aðalskrifstofu þess, en rekstur hennar var 54,0 milljónum króna eða 21,8%

yfir áætlunum fyrstu 9 mánuðina. Hluti af þessu er yfirfærður rekstrarvandi frá fyrri árum. Sendiráð og fastanefndir Íslands voru samtals 30,9 milljónum króna umfram áætlunir eða sem nemur 5,7%. Í fjárukalögum 1995 var veitt 69,3 milljónum króna til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda sendiráðanna. Að lokum var fjárlagaliðurinn „Ýmis utanríkismál“ um 5,4 milljónir króna eða 18,5% yfir áætlunum.


Mynd 11 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Landbúnaðarráðuneyti


Fjárheimild ársins 1996 nemur 7.061 milljón króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 5.768 milljónir verið greiddar í lok september eða 81,7%. Á sama tíma í fyrra höfðu verið greidd 76,8% af fjárheimild ársins. Landbúnaðarráðuneytið var innan greiðsluáætlana á fyrri hluta ársins allt fram í júlí. Í lok september var ráðuneytið rúmum 129 milljónum króna yfir áætlun eða sem nemur 2,3%.

Mynd 12 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Umframgreiðslur landbúnaðarráðuneytisins áttu sér einkum stað á þremur fjárlagaliðum þ.e. aðalskrifstofu, Bændaskólanum á Hólum og í greiðslum vegna sauðfjárframleiðslu. Á aðalskrifstofu námu greiðslur umfram áætlun um 19,0 milljónum króna eða sem nemur 38,6%. Á móti kom að fjárlagaliðirnir „Ýmis verkefni“ og „Ráðstöfunarfé“ voru nokkuð undir áætlunum. Bændaskólinn á Hólum var 17,7 milljónum króna yfir áætlunum eða sem nemur 17,7%. Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu voru 78,1 milljón króna eða 3,5% yfir áætlunum. Að lokum voru Framleiðnisjóður landbúnaðarins og greiðslur vegna riðuveiki nokkuð innan greiðsluáætlana.


Mynd 13 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Sjávarútvegsráðuneyti


Fjárheimild ársins 1996 nemur 1.274 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 873 milljónir verið greiddar í lok september eða 68,5% sem er sama hlutfall og á síðasta ári. Sjávarútvegsráðuneytið var innan greiðsluáætlana allt tímabilið eins og fram kemur á mynd 12. Í lok september var ráðuneytið rúmar 8 milljónir króna innan áætlana eða sem nemur um 1,0%.

Mynd 14 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Hjá sjávarútvegsráðuneyti voru fimm fjárlagaliðir nokkuð undir greiðsluáætlunum þ.e. „Ýmis verkefni“, „Ráðstöfunarfé“, Hafrannsóknarstofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Fiskifélag Íslands. Samtals nam upphæð þessa um 59,0 milljónum króna. Á móti kom að Fiskistofa var um 48,3 milljónum króna eða 55,1% yfir áætlunum. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 1996 er sótt um 44,5 milljóna króna aukafjárveitingu til Fiskistofu vegna kostnaðar við veiðieftirlit á Flæmingjagrunni.


Mynd 15 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Fjárheimild ársins 1996 nemur 6.268 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 4.530 milljónir verið greiddar í lok september eða 72,3%. Á sama tíma í fyrra höfðu verið greidd 70,1% af fjárheimild ársins. Dómsmálaráðuneytið var innan greiðsluáætlana allt árið ef frá er talinn febrúarmánuður eins og fram kemur á mynd 14. Í lok september var ráðuneytið rúmar 117 milljónir króna innan áætlana eða sem nemur 2,5%.


Mynd 16 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Umframgreiðslur dóms- og kirkjumálaráðuneytisins áttu sér einkum stað á fimm fjárlagaliðum sem markaðir eru til að mæta sérstökum útgjöldum þ.e. liðunum „Kosningar“, „Opinber réttaraðstoð“, „Dómsmál ýmis kostnaður“, „Neyðarsímsvörun“ og „Ýmis löggæslukostnaður“. Samtals námu

umframgreiðslur vegna þessa um 40 milljónum króna. Í frumvarpi til fjárlagaliaga fyrir árið 1996 er leitað aukafjárveitinga vegna allra þessara fjárlagaliða. Þá var sýslumannsembættið á Akranesi 8,6 milljónum króna eða 21,5% yfir áætlunum fyrstu 9 mánuði ársins, en hjá embættinu er um að ræða uppsafnaðan rekstrarvanda. Á hinn bóginn voru nokkrir fjárlagaliðir undir áætlunum, en í því sambandi má m.a. nefna Landhelgisgæslu Íslands, batur brotaþola, Stjórnartíðindi, Umferðarráð og Lögregluskóla ríkisins.


Mynd 17 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Félagsmálaráðuneyti


Fjárheimild ársins 1996 nemur 9.250 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 6.816 milljónir verið greiddar í lok september eða 73,7%. Á sama tíma í fyrra höfðu verið greidd 75,5% af fjárheimild ársins. Félagsmálaráðuneytið var innan greiðsluáætlunar alla fyrstu níu mánuði ársins eins og fram kemur á mynd 16. Í lok september var ráðuneytið tæpum 30 milljónum króna innan áætlunar eða sem nemur 0,4%.

Mynd 18 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Umframgreiðslur hjá félagsmálaráðuneyti komu einkum fram á fjórum fjárlagaliðum þ.e. hjá Atvinnuleysistryggingasjóði sem var 132,2 milljónum króna eða 5,8% yfir áætlun, Framkvæmdasjóði fatlaðra þar sem frávikið var 37,1 milljón eða 13,5%, Vinnueftirliti ríkisins sem var 16,4 milljónum eða 19,0% yfir og í málefnum barna og unglinga, en þar var frávikið 25,9 milljónir eða 22,2%. Á hinn bóginn voru greiðslur til Byggingasjóðs verkamanna, Brunamálastofnunar ríkisins, Meðferðastöðvar ríkisins, Ábyrgðasjóðs launa og vegna húsaleigubóta auk annarra liða undir áætlunum. Óhafin framlög ráðuneytisins voru samtals að upphæð 320,2 milljónir króna í lok september sl.


Mynd 19 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti


Fjárheimild ársins 1996 nemur 50,3 milljörðum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 38,1 milljarður verið greiddur í lok september eða 75,8%. Á sama tíma í fyrra höfðu verið greidd 76,8% af fjárheimild ársins. Ráðuneytið fór fram úr áætlunum alla mánuði ársins eins og fram kemur á mynd 18. Í lok september var ráðuneytið rúmar 860 milljónir króna yfir áætlunum eða sem nemur 2,3%.

Mynd 20 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Umframgreiðslur heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins áttu sér stað í almannatryggingakerfinu eins og mörg undanfarin ár. Þannig voru greiðslur vegna sjúkra-, lífeyris- og slysatrygginga rúmum 1,2 milljörðum króna umfram áætlanir fyrstu 9 mánuði ársins. Af öðrum liðum fór Tryggingastofnun ríkisins 26,4 milljónir króna eða 8,3% umfram áætlanir, Landlæknisembættið fór 11,9 milljónir eða 37,2% fram úr áætlunum og umframgreiðslur Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands námu 12,4 milljónum króna eða 25,4% hlutfallslega. Nokkrir fjárlagaliðir heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins voru undir áætlunum í lok september og ber helsta að nefna í því sambandi „Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð“ sem var 287,8 milljónum króna eða 10,0% undir áætlun, Framkvæmdasjóð aldraðra sem var 215,3 milljónum króna eða 54,1% undir og Eftirlaunasjóð aldraðra, en frávikid í því tilfelli var 56,1 milljón króna eða 23,4%.


Mynd 21 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Fjármálaráðuneyti


Fjárheimild ársins 1996 nemur 17,7 milljörðum króna. Greiðslur voru hins vegar orðnar 25,6 milljarðar króna í lok september. Ráðuneytið var innan áætlunar allt fram í júlímánuð, en þá fór ráðuneytið verulega umfram áætlun vegna sérstakrar ákvörðunar fjármálaráðherra í tengslum við innlausn spariskírteina sem hafði í för með sér aukin vaxtagjöld. Í lok september var ráðuneytið rúmum 10,2 milljörðum króna umfram fjárheimildir eða sem nemur 66,3%.

Mynd 22 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Ef áður nefnd innlausn er undanskilin námu umframgjöld fjármála- ráðuneytisins rúmum 100 milljónum króna nettó. Frávik voru þó talsverð í báðar áttir. Þannig voru greiðslur vegna vaxta af langtímalánum alls ríflega 400 milljónum króna meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir á fyrstu 9 mánuðum ársins. Auk þessa voru greiðslur vegna „Ýmissa verkefna“ um 149,0 milljónum króna eða 36,3% umfram áætlanir og greiðslur vegna „Ýmissa fasteigna ríkissjóðs“ um 68,3 milljónum eða 103,1% meiri. Á hinn bóginn voru nokkrir fjárlagaliðir ráðuneytisins undir áætlunum. Helsta ber í því sambandi að nefna „Uppbætur á lífeyri“ sem var 134,8 milljónum króna eða 16,0% undir áætlunum, „Ríkisábyrgðir og tjónabætur“ sem var 109,1 milljón eða 83,0% undir og „Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum“, en í því tilfalli var frávik 100,7 milljónir eða 84,4%. Þá var skýrsluvéla- kostnaður um um 74,8 milljónum króna eða 18,9% lægri en greiðslu- áætlanir gerðu ráð fyrir.


Mynd 23 Greining á frávikum frá fjárheimild í m.kr. (án vaxtagreiðslna)



Samgönguráðuneyti


Fjárheimild ársins 1996 nemur 8.327 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 7.128 milljónir verið greiddar í lok september eða 85,6%. Á sama tíma í fyrra höfðu verið greidd 82,0% af fjárheimildum ársins. Ráðuneytið var innan áætlunar fyrstu níu mánuði ársins að undanskyldum ágúst og september eins og fram kemur á mynd 22. Í lok september var ráðuneytið 132 milljónum króna undir áætlunum eða sem svarar til 1,9%.

Mynd 24 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Umframgreiðslur samgönguráðuneytisins áttu sér einkum stað á þremur fjárlagaliðum þ.e. á liðnum „Flugvellir“ og hjá Flugmálastjórn og Ferðamálaráði. Frávikið hvað fyrstu tvo liðina varðar nam alls tæpum 156,0 milljónum króna og skýrist fyrst og fremst af misvægi milli tímabila hvað varðar bókfærslu tekna. Hjá Ferðamálaráði námu umframgreiðslur um 11,0 milljónum króna eða 10,9%. Á hinn bóginn var Vita- og hafnamálastofnun ásamt Fjarskiptaeftirliti ríkisins nokkuð undir áætlunum. Hlutfallslegt frávik hjá fyrrnefndu stofnuni er þó óverulegt.


Mynd 25 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Iðnaðarráðuneyti


Fjárheimild ársins 1996 nemur 1.174 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 781 milljón verið greidd í lok september eða 66,5%. Á sama tíma í fyrra höfðu verið greidd 71,7% af fjárheimildum ársins. Ráðuneytið var innan greiðsluáætlunar alla fyrstu níu mánuði ársins eins og fram kemur á mynd 24. Í lok september var ráðuneytið tæpar 114 milljón króna innan áætlunar eða sem svarar 12,7%.

Mynd 26 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Umframgreiðslur áttu sér aðallega stað hjá tveimur stofnunum iðnaðarráðuneytisins þ.e. Iðntæknistofnun og Rafmagnseftirliti ríkisins. Í fyrrnefnda tilfellinu höfðu verið greiddar 3,9 milljónir króna umfram áætlun eða sem nemur 5,6% hlutfallslega. Umframgreiðslur Rafmagnseftirlitsins námu 6,9 milljónum króna eða sem nemur 18,3% hlutfallslega. Á hinn bóginn voru ýmsir fjárlagaliðir ráðuneytisins undir áætlunum. Má í því sambandi nefna aðalskrifstofu sem var 4,4 milljónum króna undir áætlunum. Þá hafði verið greitt um 60,1 milljón króna minna en áætlað var vegna liðarins „Orkumál, ýmis verkefni“. Að lokum höfðu engar greiðslur verið færðar á Orkusjóð, en fjárheimild nemur um 22,6 milljónum króna.


Mynd 27 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Viðskiptaráðuneyti

Fjárheimild ársins 1996 nemur 196 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 156 milljónir verið greiddar í lok september eða 79,3%. Á sama tíma í fyrra höfðu verið greidd 71,1% af fjárheimild ársins. Ráðuneytið var innan greiðsluáætlanir fyrstu níu mánuði ársins ef frá er talinn janúarmánuður eins og fram kemur á mynd 26. Í lok september hafði ráðuneytið greitt rúmar 30 milljónir króna umfram áætlanir eða sem svarar til 24,3%.


Mynd 28 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Umframgreiðslur viðskiptaráðuneytisins komu aðallega fram á tveimur fjárlagaliðum þ.e. hjá aðalskrifstofu þar sem greitt var 13,2 milljónum

króna meira en áætlað hafði verið eða sem nemur 29,6% og hjá Löggingarstofnunni, en þar voru greiðslur 9,4 milljónum króna meiri en áætlun sagði til um eða sem nemur 165,5%. Á hinn bóginn var Samkeppnisstofnun um 5,4 milljónum króna undir áætlun eða sem nemur 9,8%.


Mynd 29 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Hagstofa Íslands

Fjárheimild ársins 1996 nemur 163 milljón króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 108 milljónir verið greiddar í lok september eða 66,5%. Á sama tíma í fyrra höfðu verið greidd 75,3% af fjárheimild ársins. Hagstofan var innan greiðsluáætlunar fyrstu níu mánuði ársins ef frá er talinn janúarmánuður eins og fram kemur á mynd 28. Í lok september voru greiðslur vegna Hagstofunnar 11 milljónum króna undir áætlun eða sem nemur 9,1%.


Mynd 30 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Umhverfisráðuneyti


Fjárheimild ársins 1996 nemur 967 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 723 milljónir verið greiddar í lok september eða 74,8%. Á sama tíma í fyrra höfðu verið greidd 71,1% af fjárheimild ársins. Greiðslur vegna ráðuneytisins voru umfram áætlanir alla fyrstu mánuði ársins eins og fram kemur á mynd 30. Í lok september var ráðuneytið 2 milljónum króna umfram áætlun eða sem svarar til 0,3%.

Mynd 31 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Stærsta einstaka atriðið sem skýrir það að umhverfisráðuneytið hafði greitt umfram áætlanir er að leita hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, en stofnunin fór rúmlega 20% fram úr fjárheimildum í ár eins og raunin var einnig á síðasta ári. Þá hafði Hollustuvernd ríkisins greitt 7,9 milljónir króna umfram það sem áætlað hafði verið og nemur frávikið 10,8%. Á hinn bóginn voru nokkrir safnliðir og verkefnatengdir fjárlagaliðir ráðuneytisins undir áætlunum.

Mynd 32 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Samanburður við fyrra ár

Útgjöld A-hluta ríkissjóðs námu sem fyrr segir 108,4 milljónum króna frá ársbyrjun til loka septembermánaðar. Er það um 16,4 milljörðum króna eða 17,8% meiri gjöld en á sama tímabili fyrra árs. Að raungildi hækkuðu gjöld um 11,9%. Í neðangreindri töflu ber að líta tegundasundurliðun gjalda.

Tafla 8. Útgjöld ríkissjóðs eftir tegundum í samanburði við fyrra ár

	Útkoma 1996	Útkoma 1995	Breyt.	Framr. 1995	Breyt.	%
Laun	23.693	21.141	2.552	23.044	649	2,8
Rekstur	21.426	21.303	123	21.787	(361)	(1,7)
Tilfærslur	17.846	16.767	1.079	17.148	697	4,1
Almannatryggingar	22.126	21.043	1.083	22.937	(811)	(3,5)
Vaxtagjöld	22.340	10.876	11.464	10.976	11.363	103,5
Eignakaup	995	945	50	966	29	3,0
	108.425	92.075	16.350	96.858	11.567	11,9

Helstu breytingar í einstökum gjaldaliðum milli ára voru sem hér segir:

- Launaútgjöld hækkuðu um 649 milljónir króna eða 2,8% að raungildi milli fyrstu níu mánaða þessa árs samanborið við fyrstu níu mánuðina 1995. Ef hins vegar er tekið tillit til áhrifa af verkfalli aðildarfélaganna í KÍ og HÍK á síðasta ári og jafnframt tilflutning grunnskólans yfir til sveitarfélaganna sem átti sér stað þann 1. ágúst á þessu ári höfðu launaútgjöld ríkissjóðs aukist um 3,3% að raungildi.

- Almenn rekstrarútgjöld án launakostnaðar lækkuðu um 361 milljón króna á föstu verðlagi eða sem nemur 1,7%.
- Tilfærslur jukust að raungildi um 697 milljónir króna eða sem nemur 4,1%. Hjá menntamálaráðuneyti jukust tilfærslur um tæpan 1,1 milljarð króna á föstu verðlagi og má rekja það nær eingöngu til flutnings grunnskólans yfir til sveitarfélaganna. Tilfærslur landbúnaðarráðuneytis jukust um 257 milljónir króna sem skýrist af auknum greiðslum vegna sauðfjár- og mjólkurframleiðslu auk þess sem framlag til héraðsskóga jókst nokkuð. Á hinn bóginn lækkuðu tilfærslur félagsmálaráðuneytisins um 584 milljónir króna að raungildi sem aðallega á rætur í minni framlögum til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Byggingasjóðs verkamanna. Að lokum lækkuðu tilfærslur forsætisráðuneytis um 156 milljónir króna og kemur sú breyting fram í lækkun framlaga til Byggðastofnunar.
- Útgjöld almannatryggingakerfisins drógust saman um 811 milljónir króna að raungildi eða sem nemur 3,5%. Skiptist sú breyting þannig að greiðslur lífeyristrygginga lækkuðu um 549 milljónir króna á föstu verðlagi, greiðslur sjúkratrygginga lækkuðu um 205 milljónir og slysatryggingar voru um 56 milljónum króna lægri en á fyrstu níu mánuðum ársins 1995.
- Vaxtagjöld jukust um tæpa 11,4 milljarða króna að raungildi. Um 10,1 milljarður af þessari upphæð skýrist af sérstakri ákvörðun fjármálaráðherra um innlausn spariskírteina sem voru með uppsagnarákvæðum. Önnur innlend vaxtagjöld jukust um 661 milljón króna að raungildi og vextir af erlendum lánum jukust um 600 milljónir.
- Eignakaup lækkuðu um 29 milljónir króna á föstu verðlagi eða um 3,0% hlutfallslega. Hjá æðstu stjórn ríkisins jukust eignakaup um 74 milljónir króna í tengslum við forsetaskrifstofu að Sóleyjargötu 1 í Reykjavík. Hjá utanríkisráðuneyti voru eignakaup um 62 milljónum króna meiri en fyrstu níu mánuðina 1995 sem rekja má að mestu til sendiráðsbyggingar í Berlín. Þá jukust eignakaup fjármálaráðuneytis um 29 milljónir króna sem aðallega stafar af kaupum á Lindargötu 9 í Reykjavík auk nýrrar sýsluskrifstofu á Sauðárkróki. Á móti lækkuðu eignakaup dómsmálaráðuneytis um 113 milljónir króna sem aðallega má rekja til þess að engar greiðslur áttu sér stað vegna þyrlukaupa á þessu ári jafnframt því sem greiðslur vegna fangelsisbygginga voru nokkru lægri

en á síðasta ári. Hins vegar voru greiðslur vegna byggingu húsnæðis fyrir Hæstarétt nokkru hærri en í fyrra.

Útgjöld ráðuneyta breyttust með eftirfarandi hætti á fyrstu níu mánuðum ársins miðað við sama tímabil fyrra árs. Rétt er að taka fram að vegnar verðlagsbreytingar ríkisútgjalda námu um 5,1% á þessu tímabili frá sama tímabili 1995.

Tafla 9. Útgjöld ríkissjóðs í samanburði við fyrra ár

	Útkoma 1996	Útkoma 1995	Breyt.	%
Æðsta stjórn ríkisins	1.125	1.014	111	11,0
Forsætisráðuneyti	480	635	(155)	(24,3)
Menntamálaráðuneyti	14.600	12.246	2.354	19,2
Utanríkisráðuneyti	1.571	1.363	208	15,3
Landbúnaðarráðuneyti	5.768	5.351	417	7,8
Sjávarútvegsráðuneyti	873	809	64	8,0
Dóms- og kirkjum.rn.	4.530	4.290	240	5,6
Félagsmálaráðuneyti	6.816	7.269	(453)	(6,2)
Heilbrigðis- og trygg.m.rn.	38.135	36.108	2.027	5,6
Fjármálaráðuneyti	25.628	13.856	11.772	85,0
Samgönguráðuneyti	7.128	7.562	(434)	(5,7)
Iðnaðarráðuneyti	781	807	(26)	(3,2)
Viðskiptaráðuneyti	156	128	28	22,0
Hagstofa Íslands	109	114	(5)	(4,8)
Umhverfissráðuneyti	723	523	200	38,3
	<u>108.425</u>	<u>92.075</u>	<u>16.350</u>	<u>17,8</u>

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins jukust um 111 milljónir króna eða sem nemur 11,0%. Annars vegar voru greiðslur vegna forsetaembættisins um 82 milljónum króna meiri á fyrstu níu mánuðum þessa árs, en það má að stærstum hluta má rekja til nýrrar forsetaskrifstofu, auk þess sem greiðslur vegna Alþingis voru um 41 milljón meiri. Hins vegar lækkuðu greiðslur vegna Bessastaða um 41 milljón.

Útgjöld forsætisráðuneytis lækkuðu um 155 milljónir króna eða um 24,3%. Lækkunin skýrist nær alfarið af minni greiðslum til Byggðastofnunar.

Útgjöld menntamálaráðuneytis jukust um tæpa 2,4 milljarða króna eða sem nemur 19,2%. Launagreiðslur ráðuneytisins jukust um rúman 1,0 milljarð króna. Talsverður hluti þeirrar aukningar er til kominn vegna verkfalls kennara á fyrri hluta ársins 1995. Þá hækkuðu launagreiðslur vegna kjarasamninga auk þess sem kennslumagn í skólum hefur verið aukið. Á móti lækkuðu launagreiðslur nokkuð vegna flutnings grunnskólans frá

ríkinu yfir til sveitarfélaganna þann 1. ágúst sl. Tilfærslur jukust um tæpa 1,2 milljarða króna og skýrist það að langmestu leyti af áðurnefndum flutningi grunnskólans. Að lokum hækkuðu greiðslur Háskóla Íslands um rúmar 190 milljónir króna milli ára auk þess sem framlög til viðhalds og stofnkostnaðar framhaldsskóla hækkuðu um tæpar 190 milljónir króna.

Útgjöld utanríkisráðuneytis jukust um 208 milljónir króna eða sem nemur 15,3% hlutfallslega. Greiðslur vegna alþjóðastofnana hækkuðu um tæpar 70 milljónir króna og greiðslur vegna sendiráða og fastanefnda hækkuðu alls um 129 milljónir. Þá voru greiðslur vegna sýslumannsins á Keflavíkurlflugvelli um 31 milljón króna hærri. Á hinn bóginn lækkuðu greiðslur vegna þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi um 33 milljónir króna.

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis jukust um 417 milljónir króna eða sem nemur 7,8%. Greiðslur vegna sauðfjár- og mjólkurframleiðslu hækkuðu samanlagt um 356 milljónir. Þá hækkuðu greiðslur vegna Bændaskólans á Hólum um 65 milljónir króna. Á hinn bóginn lækkuðu greiðslur vegna Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um 48 milljónir króna.

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytis jukust um 64 milljónir króna eða 8,0%. Greiðslur vegna Fiskistofu hækkuðu um 83 milljónir króna vegna veiðieftirlits á Flæmingjagrunni sem ríkið greiddi á fyrri hluta þessa árs. Á hinn bóginn lækkuðu greiðslur vegna Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins um 22 milljónir.

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis jukust um 240 milljónir króna eða 5,6%. Greiðslur vegna húsnæðis og búnaðar dómstóla hækkuðu um 129 milljónir króna sem rekja má til framkvæmda við nýtt húsnæði hæstaréttar og greiðslur vegna sýsluskrifstofa jukust samanlagt um 100 milljónir króna. Þá voru greiðslur vegna Lögreglustjóraembættisins í Reykjavík um 78 milljónum króna hærri og greiðslur vegna Fangelsismálastofnunar ríkisins um 67 milljónum króna hærri. Að lokum jókst ýmis löggæslukostnaður um 15 milljónir króna og greiðslur vegna Biskupsembættisins jukust um 25 milljónir. Á hinn bóginn lækkuðu greiðslur vegna Landhelgisgæslunnar um 194 milljónir króna þar sem engar greiðslur áttu sér stað vegna þyrlukaupa á þessu ári.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis lækkuðu um 453 milljónir króna eða 6,2%. Greiðslur vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs lækkuðu um 417 milljónir króna og greiðslur vegna Framkvæmdasjóðs fatlaðra um 68 milljónir. Þá

voru greiðslur vegna Byggingasjóðs verkamanna 154 milljónum króna lægri en á fyrstu níu mánuðum ársins 1995, greiðslur vegna húsaleigubóta voru 59 milljónum króna lægri, greiðslur vegna Ábyrgðasjóðs launa voru 41 milljón króna lægri og greiðslur vegna Meðferðarstöðvar ríkisins voru 54 milljónum króna lægri. Á hinn bóginn hækkuðu greiðslur vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 107 milljónir króna og greiðslur vegna málefna barna og ungmenna hækkuðu um 67 milljónir. Auk þess voru nokkrir aðrir fjárlagaliðir ráðuneytisins yfir áætlunum.

Útgjöld heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis jukust um rúma 2,0 milljarða króna eða sem nemur 5,6%. Greiðslur vegna lífeyris-, sjúkra- og slysatrygginga jukust alls um tæpan 1,1 milljarð króna. Þá jukust greiðslur vegna sjúkrahúsa og sjúkrastofnana um 733 milljónir króna, en þar af voru um 248 milljónir króna vegna Ríkisspítala og um 235 milljónir króna vegna Sjúkrahúss Reykjavíkur. Að lokum voru greiðslur vegna Eftirlaunasjóðs aldraðra um um 102 milljón króna hærri og greiðslur vegna heilsugæslustöðva um 71 milljón króna hærri.

Útgjöld fjármálaráðuneytis jukust um tæpa 11,8 milljarða króna eða um 85,0%. Um 10,1 milljarður af þessari upphæð er vegna sérstakrar innlausnar á spariskírteinum sem fjármálaráðherra tók ákvörðun um fyrr á þessu ári. Aðrar vaxtagreiðslur voru tæpum 1,4 milljarði króna hærri og skiptist sú fjárhæð þannig að önnur innlend vaxtagjöld jukust um tæpar 746 milljónir króna og erlend vaxtagjöld jukust um 618 milljónir. Þá jókst skýrsluvélakostnaður um 59 milljónir króna, uppbætur á lífeyri voru 48 milljónum króna meiri en á fyrstu níu mánuðunum 1995, greiðslur aðalskrifstofu jukust um 34 milljónir og að lokum jukust greiðslur vegna ýmissa verkefna um 134 milljónir króna.

Útgjöld samgönguráðuneytis drógust saman um 434 milljónir króna eða um 5,7%. Greiðslur til Vegagerðar ríkisins drógust saman um 469 milljónir króna og greiðslur vegna flugvalla um 55 milljónir. Á hinn bóginn jukust greiðslur til Flugmálastjórnar um 74 milljónir króna.

Útgjöld iðnaðarráðuneytis drógust saman um 26 milljónir króna eða um 3,2%. Greiðslur vegna iðnaðarrannsókna drógust saman um 14 milljónir króna og greiðslur vegna Rafmagnseftirlits ríkisins um 18 milljónir. Á hinn bóginn jukust greiðslur Orkustofnunar um 9 milljónir króna.

Útgjöld viðskiptaráðuneytis jukust um 28 milljónir eða 22,0%. Greiðslur vegna Löggildingarstofunnar jukust um 11 milljónir króna. Aðrir

fjárlagaliðir ráðuneytisins voru samtals 17 milljónum króna hærri en á sama tíma í fyrra.

Útgjöld Hagstofu Íslands lækkuðu um 5 milljónir króna eða um 4,8%.

Útgjöld umhverfisráðuneytis jukust um 200 milljónir króna eða um 38,3%. Greiðslur vegna styrkja til fráveitna sveitarfélaga jukust um 73 milljónir króna og greiðslur vegna Skipulagsstjóra ríkisins jukust um 46 milljónir. Þá voru greiðslur Veðurstofunnar um 44 milljónum króna hærri og greiðslur Náttúrufræðistofnunar um 11 milljónum hærri.

Framkvæmd lánsfjárlaga

Samkvæmt 1. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1996 er fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, heimilt að taka að láni allt að 25,3 milljarða króna. Samkvæmt 6. gr. skulu lántökur fara fram innanlands eða erlendis. Af heildarlántökum er fjármálaráðherra heimilt skv. 3. gr. að endurlána 5,3 milljarða króna.

Á árinu 1996 er áætlað að afborganir af veittum lánum ríkissjóðs nemi um 6,2 milljörðum króna. Þannig er gert ráð fyrir að ríkissjóður innheimti um 900 milljónir króna nettó vegna endurlánanna, en eins og áður segir er gert ráð fyrir að endurlána um 5,3 milljarða króna á árinu.

Lánsfjárförf ríkissjóðs nemur um 25,3 milljörðum króna skv. fjárlögum ársins 1996. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið er sótt um viðbótarlántökuheimild frá fjárlögum er nemur 20,6 milljörðum króna. Lánsfjárförf ársins nemur því í allt um 45,9 milljörðum króna.

Tafla 10. Áætluð lánsfjárförf ríkissjóðs 1996

	Fjárlög	Viðbót	Alls	Ónotað	Alls
Greiðsluhalli vegna rekstrar	3.951	10.748	14.699	(1.886)	12.813
Hluta- og stofnfjárframlög	500	(200)	300	-	300
Viðskiptareikningar	500	0	500	-	500
Afborganir tekinnna lána	21.160	7.590	28.750	-	28.750
Lánsfjárförf A-hluta	26.111	18.138	44.249	(1.886)	42.363
Veitt lán nettó	(850)	2.470	1.620	-	1.620
Heildarlánsfjárförf	25.261	20.608	45.869	(1.886)	43.983

Í lok september sl. hafði ríkissjóður tekið að láni um 49,0 milljarða króna eða um 23,7 milljörðum króna meira en lánsfjárlög heimila fyrir allt árið. Samsvarandi lántökur fyrstu níu mánuðina 1995 námu 32,6 milljörðum króna.

Í lok september 1996 var búið að veita alls um 6,0 milljörðum króna í nýjar lánveitingar hjá endurlánum ríkissjóðs. Af þeirri fjárhæð voru um 4,3

milljarðar króna vegna lánveitinga í tengslum við 3. gr. lánsfjárlaga. Skiptist sú upphæð sem hér segir:

Tafla 11. Endurlán ríkissjóðs á grundvelli 3. gr. lánsfjárlaga

Í m.kr.	Heimild	Afgreitt	Mism.	Nýting
Lánasj. íslenskra námsmanna	4.030	3.930	100	97,5%
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	850	400	450	47,1%
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	340	0	340	0,0%
Alþjóðaflugþjónustan	100	0	100	0,0%
	5.320	4.330	990	81,4%

Eins og sjá má hafði um 81,4% af endurlánaheimild ársins skv. 3. gr. lánsfjárlaga verið nýtt í lok september sl. Endurlán til Lánasjóðs íslenskra námsmanna höfðu átt sér stað að nær öllu leyti og tæplega helmingur af heimild vegna Þróunarsjóðs sjávarútvegsins hafði verið notuð. Á hinn bóginn höfðu engin endurlán átt sér stað til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Alþjóðaflugþjónustunnar.

Frumvarp til fjáralagala

Frumvarp til fjáralagala fyrir árið 1996 gerir ráð fyrir að tekjur A-hluta ríkissjóðs aukist á árinu um 5,1 milljarð króna. Þá heimilar frumvarpið fjármálaráðherra gjaldaheimildir til viðbótar við fjárlög 1996 að fjárhæð 15,9 milljarðar króna. Þannig er reiknað með að ef allar gjaldaheimildir fjárlaga- og fjáralagala 1996 yrðu nýttar myndi tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verða 14,7 milljarðar króna. Fjármálaráðherra gerir hins vegar ráð fyrir að 1,9 milljarður króna af gjaldaheimildum í árslok 1996 verði ekki nýttur í ár heldur fluttur til næsta árs eða felldur niður og er það aukning frá fyrra ári um 300 milljónir króna. Að þessu gefnu er samkvæmt fjáralagalafrumvarpinu gert ráð fyrir að tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verði um 12,8 milljarðar króna sem er 8,9 milljörðum króna meira en fjárlög ársins 1996 gerðu ráð fyrir.

Tafla 12. Áætlun um afkomu A-hluta ríkissjóðs 1996

Fjárh. í milljörðum kr.	Fjárlög 1996	Flutn. f.f. ári	Frumvarp fjáralagal.	Samt.	Flutt til 1997	Áætluð útkoma	Fjárlög /útkoma
Tekjur	120,9		5,1	126,0	0,0	126,0	5,1
Gjöld	(124,8)	(1,6)	(14,3)	(140,7)	1,9	(138,8)	(14,0)
Tekjur umfram gjöld	(3,9)	(1,6)	(9,2)	(14,7)	1,9	(12,8)	(8,9)
Lánveiting nettó	(0,9)		(2,3)	(1,4)		(1,4)	(2,3)
Hluta- og stofnframl.	(0,5)		0,0	(0,5)		(0,5)	0,0
Viðskiptareikningar	(0,5)		0,0	(0,5)		(0,5)	0,0
Afborgun lána	(21,2)		(7,6)	(28,8)		(28,8)	(7,6)
Heildarlánsfjárförf	(25,2)	(1,6)	(19,1)	(45,9)	1,9	(44,0)	(18,8)
Lántökur	25,3	1,6	19,0	45,9	(1,9)	44,0	18,7

Í frumvarpi til fjáralagala er óskað eftir viðbótarlántökuheimild frá fjárlögum 1996 að fjárhæð 20,6 milljarðar króna en ekki gert ráð fyrir að nýta nema 18,7 milljarða króna af henni. Í fjárlögum voru heimilaðar lántökur að fjárhæð 25,3 milljarðar króna vegna A-hluta ríkissjóðs og er því aukning á lántökum 74,0% á árinu. Auknar lántökur komu til vegna þriggja þátta. Í fyrsta lagi er að aukinn tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs kallar á auknar lántökur að fjárhæð 8,9 milljarða króna. Í öðru lagi aukast afborganir tekinna lána um 7,6 milljarða króna, einkum vegna innlausnar

spariskírteina og í þriðja lagi vegna veittra lána m.a. til Húsnæðisstofnunar ríkisins að fjárhæð 2,3 milljarðar króna.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga janúar til júní 1996 sem var birt í júlímánuði sl. voru afkomuhorfur ríkissjóðs í árslok 1996 metnar. Í þeirri skýrslu var gert ráð fyrir að lánsfjárförf ríkissjóðs yrði um 42,6 milljarðar króna en nú gerir fjármálaráðherra ráð fyrir að hún nemi 44,0 milljörðum króna. Frávikin milli áætlunar skýrist af því að fjáraukalagafrumvarpið gerir ráð fyrir að tekjuhallinn verði 1,1 milljarði króna hærri en í nefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar og afborganir tekinna lána ríkissjóðs aukast um 0,3 milljarða króna.